



Þórdís Þórðardóttir

## Virðingarsess leikskólabarna

### Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum

► Um höfund ► Efnisorð

Markmið rannsóknar þeirrar sem hér er greint frá er að varpa ljósi á hvernig mismunandi þekking leikskólabarna á barnaefni getur tengst kyni, uppruna og félagslegri stöðu þeirra í leikskóla. Spurt var: Þekking á hvers konar barnaefni er líklegust til að skapa fjögurra til fimm ára börnum virðingarsess í leikskóla? Athugað var hvernig þekking fjórtán barna á því aldursbili í tveimur leikskólum í Reykjavík á barnabókum, mynddiskum, sjónvarpsefni og tölvuleikjum birtist í frjálsum leik og skapandi starfi. Virðingarsessinn var notaður sem mælitæki á félagslega stöðu barnanna og mældur út frá viðbrögðum jafningjahópsins við tilvísunum í barnaefni eftir því hvernig jafningjahópurinn staðfesti tilvísanir í barnaefnið, hafnaði þeim eða hundsaði þær. Mat kennara og svör foreldra við spurningalista um notkun barnaefnis á heimilum voru notuð til þess að setja þekkingu barnanna í víðara félags- og kenningalegt samhengi. Niðurstöður sýna hvernig þekking á barnaefni birtist í leikjum og hvernig hún var staðfest, hún hundsuð eða henni hafnað af jafningjahópnum. Þær sýna jafnframt að mat kennaranna og lýsingar foreldranna á notkun barnaefnis á heimilum voru í samræmi við það sem birtist í leikjunum. Þekking á ofurhetjum og tölvum skilaði drengjum hæsta virðingarsessi í leikskólunum. Þekking telpna á ævintýraefni sem inniheldur bæði spennu og tengsl skilaði einnig háum virðingarsessi þótt þekking telpnanna væri ekki staðfest jafn oft og þekking drengjanna. Börnin sem hlutu hæsta sessinn vísuðu oftast í barnaefni en hin börnin, voru í hópi elstu barnanna á deildunum og eiga háskólamenntaða foreldra. Börnin sem fylgdu fast á eftir þeim, töldust hafa öðlast meðalháan virðingarsess. Þessi börn höfðu almennt góða þekkingu á barnaefni en síðri þekkingu á tölvum og ofurhetjum en börn sem hæsta sessinn skipuðu. Foreldrar þeirra eru ýmist með stúdentspróf eða iðnmenntun. Börn sem nutu lítillar virðingar í jafningjahópnum notuðu sjaldan tilvísanir í barnaefni og þau voru börn foreldra sem höfðu einungis lokið grunnskólaprófi. Telpur staðfestu bæði þekkingu drengja og telpna en drengir staðfestu eingöngu þekkingu hvers annars.

**Respectability in preschools: Gendered knowledge of children's literature, popular culture and stratification in two Icelandic preschools**

► About the author ► Key words

This article is based on the third of three phases from the author's 2012 doctoral thesis, *Cultural literacy: The role of children's literature and popular culture in*

*two early childhood settings in Reykjavik.* The study focuses on how gender, ethnicity and parents' education, affect young children's meaning making related to children's literature and popular culture. This part aimed at shedding light upon how preschool-children used their knowledge of literature and popular culture in free play, including if and how such knowledge related to their gender, ethnicity and parents' education, as well as how it affected their social status among their peers. In a broader sense, this part of the study aimed at creating new knowledge regarding how children's literature and popular culture can serve as resources for preschool teachers who want to emphasise equality and reduce cultural and social discrimination in preschools.

The theoretical framework was driven by Skeggs' (1997, 2004) work on respectability, which shows how class and gender represent power relations in modern societies; by Palludan's (2005) work on how preschool children gain respectability in a preschool in Denmark; and on Bourdieu's (1984) analysis of how cultural factors as lifestyle, i.e. education and taste, affect people's possibilities to gain respect in different fields.

Palludan's findings indicate that 4 and 5 year old middle class preschool children are fully conscience of how to act, ask and follow rules to become respectable pre-schoolers, with middle class boys finding it easier than girls to become respectable in the preschool.

In this study the focus was on the children's peer groups and the role of children's literature and popular culture in play and if and how literature helped them to gain respectability.

An analysis was undertaken of how children's knowledge of traditional children's literature and popular culture was manifested in their conversations, play and creative work at the preschools. Parents' views of children's engagement in literature and popular culture at home were surveyed using a questionnaire. Special analysis was made of the children's application of embodied knowledge of these genres in free play to understand if and how such knowledge could bring preschool children respectability amongst peers in the preschool.

The discussions rely on a case study, which is the third phase of the above-mentioned Ph.D thesis. Fourteen 4–5 year old children were videotaped during playtime, resulting in 40–60 minute video recordings for each child. In addition, two of the children's teachers were interviewed about the children's knowledge of literature and popular culture, as well as their estimation of access to such materials at home. The video data was content-analysed in terms of registered confirmations, brush-offs and rejections from peer groups of the fourteen participants on citations from children's literature and popular culture during play and creative work. The interviews with the two teachers were analysed by traditional qualitative methods.

The children's home use of literature and popular culture were surveyed through a questionnaire to the parents. The questionnaire contained questions about children's consumption of literature and popular culture at home and participation in cultural activities.

Nine of the fourteen children participating in the case study brought their home knowledge of literature and popular culture sufficiently well into play to gain enough peer-group confirmation to be evaluated as respectable pre-schoolers. Two boys gained the highest respectability using their knowledge of Star Wars and superheroes and two girls followed them using their knowledge of Narnia and classical children's literature. Five children gained moderate respectability. The other five children did not display such knowledge or skills during the observations and videotaping.

The teachers' descriptions of the children participating in the case study were congruous with the respectability highlighted in the peer-group confirmations. Furthermore, they gave these children specific attributions related to their respectability. The findings shed light on how different access to children's literature and popular culture at home, together with given opportunities to express this knowledge at preschool, can contribute to gender and cultural stereotypes. Girls' knowledge seemed to be moulded by stereotyped ideas of relationships and femininity, while boys' knowledge appeared to be based more on ideas of heroism and masculinity, and boys only confirmed other boys' contributions while the girls confirmed input from both boys and girls.

## Inngangur

Flest ung börn á Íslandi ganga í leikskóla og öðlast þar margvíslega reynslu sem gagnast þeim til að öðlast skilning á sjálfum sér og sínu nánasta umhverfi. Þar taka þau þátt í leik og starfi og læra samskipti við jafningja og fullorðna utan fjölskyldunnar. Þegar þau hefja leikskólagöngu flytja þau með sér þekkingu að heiman sem ýmist er staðfest, ögrað eða hafnað innan leikskólans og þar læra þau að staðsetja sig í jafningjahópi og átta sig á hvort þau njóta viðurkenningar hópsins eða lendi á jaðrinum. Félagsleg staða barna getur haft áhrif á námsmöguleika þeirra og því er mikilvægt að velta fyrir sér hvernig lagskipting í barnahópi mótast í leikskólum. Gera má ráð fyrir að það gerist í flóknu samspili margra þátta, til dæmis menntunar foreldra, kyns barna, uppruna, trúarbragða og fleiri þátta.

Í rannsókninni sem hér er greint frá var kastljósinu beint að því hvernig þekking á tilteknu barnaefni hafði áhrif á stöðu barna í hópi þar sem sum nutu virðingar en önnur voru jaðarsett. Athugað var hvort, og þá hvernig, kyn og uppruni barnanna og menntun foreldranna tengdust þekkingu þeirra á barnaefninu og hvernig þekking á barnaefni nýttist til að öðlast virðingarsess í leikskólunum. Því er haldið fram að skilningur á þessu gæti nýst til að koma auga á menningarbundna mismunun sem er falin undir yfirborðinu í daglegu starfi leikskóla.

Samskipti barnanna sín á milli voru í brennidepli og sjónum beint að því hvort og þá hvernig þekking þeirra á barnaefni nýttist til að öðlast virðingarsess í jafningjahópi. Ekki er vitað til þess að virðingarsess hafi áður verið rannsakaður í íslenskum leikskólum, en vaxandi hefð er fyrir því beita kenningum sem beinast að því að efla skilning á félagslegu óréttlæti og mismunun í leikskólarannsóknum (Urban, 2012) og er þessi rannsókn slík tilraun.

Rannsóknin sem hér er fjallað um er hluti af doktorsverkefni höfundar, *Menningarlæsi: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*, sem var styrkt af Rannsóknarnámssjóði Rannís, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Norrænu ráðherranefndinni. Nýlunda rannsóknarinnar felst meðal annars í kenningalegu sjónarhorni hennar þar sem leitast er við að draga upp mynd af samspili þekkingar barna á barnaefni, aðgengi að því á heimilum og félagslegrar stöðu leikskólabarna í jafningjahópi. Rannsóknin er tilraun til að varpa ljósi á hvernig ólík þekking á barnaefni getur fært leikskólabörnum mismunandi virðingarsess og hvernig hann tengist aðgengi að barnaefni á heimilum, kyni barna, menntun foreldra og umsögnum kennara um þekkingu og stöðu barnanna.

Lagt var upp með eftirfarandi spurningu: *Þekking á hverskonar barnaefni er líklegust til að skapa fjögurra til fimm ára börnum virðingarsess í leikskóla?*

## Fræðileg sýn á barnaefni og lagskiptingu í leikskólum

Í þessum kafla er fyrst fjallað um kenningarlegt sjónarhorn rannsóknarinnar og greint frá hugtaki Skeggs, *virðingarsess* (1997) og lykilhugtökum Bourdieu (1990). Þá er greint frá rannsóknum á hlutverki barnaefnis í lífi ungra barna og virðingarsessi barna í dönskum leikskóla. Að lokum er rætt um rannsóknir á lagskiptingu í leikskólum.

### Kenningarlegt sjónarhorn rannsóknar

Kenningarammi rannsóknarinnar ræðst aðallega af kenningu Skeggs (1997; 2004) um virðingarsess. Hún (1997, 2004) varð fyrst til að nota virðingarsess til að lýsa ferli og samspili kyns og stétta í hugmyndum verkakvenna um virðingarverðan lífsstíl (Skeggs 1997, 2004, 2005). Kenning hennar á sér rætur í kenningum Bourdieus en hún bætti við þær áhrifum nútímamarkaðsvæðingar á samhengi stétta og kyns í lagskiptingu vest-rænna samtímaþjóðfélaga. Um leið þróaði hún nýjar aðferðir til að tengja eignarhald milli-stéttarinnar á menningu við leiðirnar sem fólk beitir til að greina á milli verðugar og óverðugar iðju einstaklinga og hópa. Til dæmis er börnum sem talið er að eigi auðvelt með að tjá sig lýst sem skrafhreifum en þau sem hafa sig lítt í frammi eru talin hlédræg (Þórdís Þórðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2008). Þetta merkir að börnum eru gefnir eiginleikar út frá væntingum sem til þeirra eru gerðar en Skeggs (1997, 2004, 2005) heldur því fram að virðingarsess tengist væntingum til fólks á mismunandi sviðum þjóðlífsins. Segja má að væntingar foreldra og kennara um smekk barna á barnaefni endurspeglar markaðssetningu þess en staðalmyndir af eiginleikum fólks eru gjarnan hafðar í brennidepli í afþreyingarefni fyrir börn (Hagood, 2008). Skeggs (2005) veltir fyrir sér spurningum um menningarlega þætti sem oftast en ekki tengjast virðingu og vanvirðingu í samskiptum fólks og beinir sjónum að því hvernig sumum einstaklingum tekst að öðlast virðingu en öðrum ekki. Skeggs (1997, 2004) telur hugtakið *virðingarsess* vera til marks um mikilvægi einstaklinga á tilteknu sviði eða svæði og beinir sjónum að því hvernig ýmsar athafnir öðlast efnahagslegt, siðferðilegt, menningarlegt og táknrænt gildi í samskiptum fólks líkt og Bourdieu (1977) glímir við í kenningu sinni um iðju (e. *theory of practice*).

Skeggs (1997) telur að til þess að öðlast virðingarsess þurfi fólk að athafna sig í samræmi við viðteknar hugmyndir um hvernig eigi að bera sig að, framkvæma, tala, hugsa og reyna á tilteknum vettvangi. Hún segir ríkjandi sjónarmið og viðteknar venjur ávallt byggja á ákvæðum um innlimun og útilokun hinum valdameiri í vil. Hugtakið *virðingarsess* er notað í rannsókninni til að lýsa því hvernig þekking á barnaefni sem er staðfest af jafningjahópi, dugir leikskólabörnum til að öðlast þá viðurkenningu sem þarf til að öðlast góða félagslega stöðu. Börnum sem ekki tekst að skipta þekkingu sinni út fyrir viðunandi félagslega stöðu í leikskólunum, teljast hafa lága stöðu í jafningjahópnum.

Bourdieu (1990) fjallar um hvernig væntingar og aðstæður til að vinna úr þekkingu móti skilning fólks á umheiminum og hvernig þekking fær ólíka merkingu í samskiptum fólks. Þekking verður einungis að menningarauði ef unnt er að skipta henni út fyrir háa félagslega stöðu, til dæmis viðurkenningu og virðingu (Bourdieu 1984, 1993a). Fólk sem býr yfir menningarauði öðlast virðingu og táknrænt vald sem myndast í samskiptum þegar þekkingu er umbreytt í menningarauð sem skipta má út fyrir virðingu og/eða skuldbindingar í ákveðnum hópum (Bourdieu, 1990). Í þessari grein var afraðið að hafa virðingarsess fremur en menningarauð í brennidepli vegna þess að niðurstöður Skeggs (1997, 2004) benda til þess að virðingarsess mótist í samskiptum þar sem viðteknar venjur og iðja, á afmörkuðum vettvangi, eru höfð til marks um virðingarverða eða ósæmilega (e. *improper*) einstaklinga. Þetta er einnig gert í ljósi af niðurstöðum Palludan (2005) um að nota megi virðingarsess sem mælitæki til að meta stöðu leikskólabarna í samskiptum við kennara.

Bourdieu (1993a) lýsir samfélögum sem vettvangi með ákveðnum leikreglum sem þegnarnir leitast við að fylgja. Hann segir skóla og heimili geta verið undirvettvanga (e. *sub-*

*fields*) með eigin leikreglur (1984, 1993a). Á hverjum vettvangi fyrir sig eru yfirskipaðir og undirskipaðir þátttakendur. Bourdieu (2001) telur konur undirskipaðar (e. *sub-ordinated*) en karla yfirskipaða (e. *super-ordinated*) á hverjum vettvangi fyrir sig, vegna sögulegra hefða sem hafa í för með sér táknrænt vald (e. *symbolic violence*). Táknrænt vald er þögult og nær ómeðvitað félagslegt taumhald sem birtist í daglegum venjum og siðum og hefur meðal annars áhrif á lagskiptingu hópa (Bourdieu, 2001). Hann telur drengjaleiki fela í sér táknrænt vald sem einkennist af skyldum við manndóminn (e. *manhood*) og veitir sjálfkrafa virðingu. Til þess að drengjaleikir geti notið forskots þurfi að undirskipa kvenleika og draga úr mikilvægi telpnaleikja líkt og iðju allra minnihlutahópa (Bourdieu, 2001).

Í þessari rannsókn eru leikskólarnir vettvangurinn þar sem rannsóknin fer fram. Þar, eins og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, styðjast börnin meðal annars við smekk (t.d. á barnaefni) þegar þau staðsetja sig í hópum (Bourdieu, 1993b). Jafnframt festast kynjaðar leikreglur í sessi í samskiptum allra hlutaðeigandi eins og Bourdieu (2001) heldur fram. Það gerist til dæmis þegar leikskóladrengir, sem deila áhuga og smekk á ofurhetjum og tölvuleikjum, finna sig á heimavelli en þeir, sem kunna lítil skil á málefnum, falla utan við hópinn (Þórdís Þórðardóttir, 2007a). Þessu var líkt farið í greindarorðræðu íslenskra unglinga þar sem unglingspiltum var tileinkuð snilld og því haldið fram að þeir ættu auðveldara með nám en unglingsstúlkur (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005/2012).

## Slagsíða í menntarannsóknnum

Ýmsir fræðimenn hafa á síðustu árum lýst áhyggjum sínum af stéttaslagsíðu í menntarannsóknnum. Ellegaard (2004) segir margar þeirra beinast í of ríkum mæli að því að sýna fram á að börn úr verkalyðsstétt skorti eitthvað sem börn úr millistétt hafa. Þessari gagnrýni má líkja við gagnrýni femínista á rannsóknir á körlum sem gerðu konur að frávikum (Gilligan, 1984). Gilles (2006) lýsir sams konar áhyggjum og Ellegaard (2004) en vekur athygli á því að framlag Skeggs og Reay til menntarannsóknna hafi dregið úr kynja- og stéttaslagsíðu. Til marks um það er vert að nefna niðurstöður Reay (2004a) sem sýndu að börn verkafólks búa við þrálátar staðalmyndir af verkafólki sem reynast vera þeirra helsti dragbítur í skólakerfinu og tengjast skilgreiningarvaldi millistéttarinnar á viðeigandi og óviðeigandi iðju og athöfnum eins og niðurstöður Skeggs (1997, 2004) gefa til kynna.

## Barnaefni og leikskólabörn

Ýmsir fræðimenn hafa bent á að barnaefni er mikilvægt fyrir leiki barna enda endurspeglir leikirnir inntak þess (Forman-Brunell og Eaton, 2009; Guðrún Bjarnadóttir, 2004; Marsh og Millard, 2000; Dahlberg, Moss og Pence, 1999; Millard, 1997). Í niðurstöðum Guðrúnar Bjarnadóttur kemur fram að íslensk leikskólabörn nota alls konar barnaefni til að byggja upp leikþemu. Forman og fleiri (2009) komust að þeirri niðurstöðu, í bandarískri langtímarannsókn, að prinsessuævintýri mörkuðu hugmyndir telpna um kvenleika sem þær notuðu síðan til að ákvarða hvernig ætti að bera sig kvenlega að hlutunum. En Millard og Marsh og Millard (1997; 2000) fundu að kennarar völdu lesefni sem þeir töldu samræmast áhugasviði drengja til þess að vekja áhuga þeirra á lestri.

Hunt (2004) bendir á að inntak barnaefnis er þekkingarforði sem ung börn nota til að koma skipan á upplifun sína af veruleikanum en Hagood (2008) telur vestrænt barnaefni einkennast af siðaboðskap þar sem vestræn gildi eru í fyrirrúmi og að það dragi úr möguleikum barna af öðrum uppruna til að nýta þann þekkingarforða. Í niðurstöðum Þórdísar Þórðardóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2008) kemur fram að viss hætta sé á að leikskólabörn sem ekki þekki íslenskar þjóðsögur verði útundan í leik sem snýst um íslenska álfa og tröll. Það bendir til að þjóðlegur boðskapur íslenskra þjóðsagna sé ekki nýtilegur þekkingarforði fyrir börn af öðrum uppruna. Ennfremur hafa Bourdieu, Cairny og Gee

(1984; 2002; 1996) lagt áherslu á að áhugi barna á barnaefni tengist gildismati og ráðandi viðhorfum í samfélögum. Það á meðal annars við um kyn og uppruna.

Barnaefni er gjarnan uppistaða í samræðum ungra barna og það notað til að efla skilning á ýmsum fyrirbærum (Hunt, 2004). Niðurstöður minna rannsókna (Þórdís Þórðardóttir, 2007a, 2007b, 2012a, 2012b, 2012c, 2013; Þórdís Þórðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2008) leiða einnig í ljós að börn nýta sér barnaefni til að skerpa skilning sinn á sjálfum sér og sínu nánasta umhverfi. Ef virðingarsess barna í leikskólum myndast að hluta til í samhengi við notkun barnaefnis (eða umfjöllun um það) má telja líklegt að þekking þeirra sé bæði með vestræna menningarslagsíðu og kynjuð, nema að þeim hafi gefist tækifæri til að ræða og efast um inntak þessa efnis eins og fram kemur í niðurstöðum höfundar (Þórdís Þórðardóttir, 2012c).

## Leikskólar og lagskipting

Rannsókn Berglindar Rósar Magnúsdóttur (2005/2012) sem leiddi í ljós ólík valdatengsl unglingsstúlkna og unglingspíla í íslenskum grunnskóla er til marks um að kynjuð valdatengsl eru til staðar í efri bekkjum grunnskóla og margt bendir til að svo sé einnig í leikskólum. Til dæmis rannsakaði Ellegaard (2004) valdatengsl og kröfur sem gerðar voru til barna í dönskum leikskóla í doktorsverkefni sínu út frá hugtökum Bourdieu, *habitus* og *auðmagn*. Hann athugaði hvernig börnin röðuðust í flokka í flóknu sampli ýmissa þátta innan leikskólans. Niðurstöður hans benda meðal annars til að kröfur kennaranna til leikskólabarnanna hafi mótast af kyni og uppruna barnanna og mismunandi væntinga til þeirra. Leikskólabörnunum var ætlað að sýna frumkvæði og tillitssemi, standa sig í samskiptum og fara eftir fyrirmælum kennara og reglum leikskólans. Flestum börnum gekk það vel en þó greindust nokkur sem stóðu höllum fæti, án þess að unnt væri að skýra það með öðru en að verr hafi tekist að efla frammistöðu barna úr fjölskyldum sem lögðu síður upp úr barnhverfum (d. *barn centrede*) sjónarmiðum en barna sem komu úr fjölskyldum þar sem barnhverfar áherslur heimila og leikskóla kölluðust á (Ellegaard, 2004).

Palludan (2005), rannsakaði hvernig virðingarsess mótaðist í samskiptum barna og kennara í öðrum dönskum leikskóla. Niðurstöður hennar gefa til kynna að virðingarsess leikskólabarnanna mótist í samhengi við kyn, uppruna, staðsetningu barnanna innan leikskólans og tónfalls í raddblæ kennaranna. Niðurstöður hennar benda til að mismunandi virðingarsess barnanna hafi myndast vegna aðstæðna sem leikskólakennararnir sköpuðu börnum til að tjá sig, hvort heldur sem einstaklingar eða hluti af hópi. Það tengist umfjöllun Robbins (1998) um hvernig gagnkvæmt samkomulag kennara og nemenda ræður því hvers konar þekking öðlast samþykki hópsins og hvernig nemendur raðast á bása eftir því hversu gott vald þeir hafa á samþykktu þekkingunni. Aftur á móti fjallar Reay (2004b) um hvernig staðalmyndir skapa fjarlægð milli hópa í skólum og um mikilvægi þess að unnið sé á markvissan hátt með flókin fyrirbæri eins og stéttamismun og jaðarsetningu skólabarna af verkalýðsstétt. Palludan (2005) leggur einnig áherslu á að vinna þurfi gegn mismunun vegna kyns og uppruna. Samkvæmt niðurstöðum hennar öðluðust drengir, sem áttu langskólagengna foreldra af dönskum uppruna, virðingarsess fyrirhafnarlaust. Telpur úr sama hópi þurftu að vekja athygli kennaranna til þess að öðlast virðingu þeirra. Börn af erlendum uppruna sem áttu atvinnulausa ófaglærða foreldra lentu á jaðrinum félagslega en drengir úr þeim hópi voru hvattir af kennurum til að styrkja stöðu sína og öðlast virðingu en það átti ekki við um telpur úr þessum hópi. Hún greindi einnig börn sem virtust ekki hafa áhuga á að öðlast virðingarsess innan leikskólans. Þau reyndu ekki að vekja athygli á sér og héldu sig langt frá kennurunum. Kennararnir notuðu jafningjatón við þau börn sem hæsta sessinn skipuðu og kennaratón við þau sem höfðu lægri stöðu. Þeir ræddu meira við börn sem skipuðu háan virðingarsess en hin sem hlutu lágan sess. Virtustu börnin héldu sig nær kennurunum en þau sem nutu minni virðingar.



Samkvæmt niðurstöðum Gulløv (1999) er eitt helsta viðfangsefni barna í dönskum leikskóla að læra að haga sér í samræmi við viðteknar venjur og hugmyndir líkt og kemur fram hjá Ellegaard (2004) og Palludan (2005). Hliðstæðar eru niðurstöður Jóhönnu Einarsdóttur (2005) um að börn telji sig vera í leikskóla til að læra að hegða sér rétt. Leikskólarnir sem „haga sér rétt“ og býr yfir þekkingu sem er viðurkennd á deildinni (Robbins, 1998) öðlast virðingarsess. Þau eru talin vera vel að sér, góð í leik og skapandi starfi og kunna góða borðsiði. Börnum sem ekki tekst að öðlast virðingarsess eru talin þurfa aðstoð við að setja sér markmið og finna leiðir að þeim og vera ýmist of hávaðsöm eða of þögul (Palludan, 2005).

## Aðferð

Um er að ræða tilviksrannsókn á því hvernig börn vísa til barnaefnis sem þau þekja, meðan á leik stendur. Tilviksrannsóknir með börnum eru sérstakt rannsóknarform og algengt að athafnir á afmörkuðum sviðum eins og til dæmis leikskólum séu í brennidepli. Sjónarhornið getur beinst að afmörkuðum athöfnum (Hatch, 2007), eins og í þessari rannsókn þar sem skoðuð er notkun fjórtán fjögurra til fimm ára leikskólabarna á barnaefni í leik, sem og viðbrögð jafningjahópsins. Athugað er hvernig þekking á barnaefni er staðfest, hún hundsúð eða henni hafnað meðan á leik barnanna stendur. Greiningin er síðan borin saman við mat kennara á þekkingu barnanna og aðgengi þeirra að barnaefni heima fyrir.

Leikskólarnir og heimili barnanna eru vettvangur þar sem þekkingar er aflað og henni beitt (Bourdieu, 1977). Þekking og notkun barnanna á barnaefni er talin menningarauður þegar hún veitir þeim háa félagslega stöðu í barnahópnum (Bourdieu, 1977). Þegar umbreyting á þekkingu yfir í menningarauð – sem færir þeim sem yfir honum ráða virðingu og táknrænt vald – hefur verið staðfest myndast virðingarsess sem Skeggs (1997, 2004) segir ráðast af þeim leiðum sem fólk beitir til að greina á milli verðugrar og óverðugrar iðju einstaklinga og hópa. Hér eru þessar leiðir mældar með því að greina staðfestingu, hundsun og höfnun.

Við gagnagreininguna var stuðst við femínískan póststrúktúralisma til að sjá hvernig hugmyndir, þjóðfélagskerfi, samskipti einstaklinga, valdamisvægi og samhengi kyns, uppruna og stétta birtust í gögnunum. Af því leiðir að litið er á barnæsku sem félagslega mótað æviskeið sem er léð menningar- og félagsleg merking í samhengi við aðstæður og tíðaranda (Cunliffe, 2008). Það sjónarmið á einnig við um þekkingu barnanna sem var talin endurskapast í samskiptum í leikskólunum (sem annars staðar).

## Þátttakendur

Leikskólarnir voru valdir út frá markmiðum menningarlæsisrannsóknarinnar sem þessi grein byggir á og nefnd er í inngangi (Þórdís Þórðardóttir, 2012c). Þeir eru í grónum hverfum í Reykjavík. Annar leikskólinn lagði áherslu á fjölmenningu og nefnist hér Blönduhlíð en hinn lagði áherslu á íslenska sagnahefð og nefnist Sagnabær. Rannsóknin fór fram á elstu deildum þeirra.

Börnin fjórtán sem tóku þátt í þessum hluta rannsóknarinnar voru valin í samráði við kennara þeirra út frá aldri (fjögurra til fimm ára), kyni, uppruna, menntun foreldra og virkni í leikjum. Samþykkið var aflað frá börnunum og foreldrum þeirra ásamt stjórn og starfsfólki leikskólanna. Öllum börnunum og starfsfólki voru gefin dulnefni til að draga úr möguleikum á því að unnt sé að rekja niðurstöðurnar til einstaklinga.

Einnig svöruðu foreldrar barnanna spurningalista um notkun barnaefnis á heimilum þeirra og viðtöl voru tekin við tvo kennara barnanna þar sem rætt var um börnin sem tóku þátt í rannsókninni.

## Myndbandsupptökur

Leikur barnanna var tekinn upp á myndbönd og upptökurnar inntaksgreindar (e. *content analysed*) út frá viðmiðum um hvernig börnin beittu þekkingu sinni á barnaefni í leik og viðbrögðum jafningjahópsins. Viðbrögðin voru mæld með því að greina staðfestingu, höfnun og hundsun. *Staðfesting* fól í sér jákvæð viðbrögð við tilvísun í barnaefni, til dæmis þegar tekið var undir það sem sagt var, brosað, hrósað, snert, hermt eftir, leik breytt í samræmi við tilvísun eða fyrirmælum fylgt. *Höfnun* fól í sér neikvæðar athugasemdir um tilvísanir, til dæmis að tilvísun væri röng, grettur og geiflur, eða neikvæðar athugasemdir um barnið sjálft. *Hundsun* greindist ef barn fékk engin viðbrögð við tilvísunum í barnaefni. Börn sem fá oft staðfestingu á þekkingu sinni eru líkleg til að öðlast háan virðingarsess en börn sem fá sjaldan eða aldrei staðfestingu og mæta jafnvel hundsun eða höfnun eiga á hættu að lenda á jaðrinum og hljóta litla virðingu, líkt og kemur fram í niðurstöðum Palludan (2005).

Myndbandsupptökurnar voru gerðar sumarið 2010. Hverju og einu barni var fylgt eftir í leik í þremur frjálsum leiktímum. Alls voru upptökurnar 42 að tölu, þrjár á hvert barn. Samanlagt spönnuðu myndskaiðin 40–60 mínútur fyrir hvert barn. Gagnasöfnun fyrir heildarrannsóknina hófst árið 2006 þegar höfundur var við athuganir í leikskólunum (Þórdís Þórðardóttir, 2012c).

Myndbandsupptökur fóru fram á eftirfarandi svæðum leikskólanna: Bókakróki, heimiliskróki, listakróki, kubbavæði á gólfi, borðsvæði þar sem leikið er með liti, lím, púsl, leir, málningu og smáa kubba, herbergi fyrir kubba, búninga og efnivið í hlutverkaleiki.

## Viðtal og spurningakönnun

Tekin voru viðtöl við kennara barnanna um þekkingu barnanna á barnaefni og aðgengi að því heima fyrir. Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð og greind eftir ummælum kennaranna um hvert barn fyrir sig. Síðan var athugað hvernig þessi ummæli féllu að svörum foreldra og virðingarsessi barnanna.

Foreldrar barnanna svöruðu spurningalista um notkun barnaefnis á heimilum. Þeir voru spurðir um uppáhaldsbækur, DVD-diska, sjónvarpsefni og tölvuleiki barnanna; fjölda bóka, DVD-diska, hljóðbóka og tölvuleikja á heimilunum og umgengni við þessa miðla. Einnig var spurt hversu mikið börnin horfðu á sjónvarp eða mynddiska og lékju sér í tölva og hversu oft og mikið væri lesið fyrir þau. Umfang og tíðni notkunar á barnaefni voru reiknuð út og opnu spurningarnar flokkaðar með hliðsjón af upplýsingum um lestrar- og áhorfsvenjur heimilanna. Niðurstöðurnar voru síðan bornar saman við beitingu barnanna á barnaefni í leik og mat kennaranna á aðgengi þeirra að barnaefni heima fyrir.

## Síðferðileg álitamál

Aðkoma rannsakernda að rannsóknnum með börnum er viðkvæm, einkum vegna valdamismunar sem stafar jöfnum höndum af aldursmun og áunnu valdi rannsakernda, ásamt trúnaði við túlkun barnanna sem getur reynst frábrugðin túlkun fullorðinna (Jóhanna Einarsdóttir, 2006). Niðurstöðurnar segja aðeins til um hvernig börnin sem tóku þátt í rannsókninni öðluðust virðingarsess við þær aðstæður sem vettvangurinn veitti þeim meðan á rannsókn stóð.

Rannsakerandi leitaðist við að skapa börnunum möguleika til að samþykkja og hafna þátttöku í einstökum eða öllum þáttum rannsóknarinnar en upplýst samþykki barna er talið mikilvægt í rannsóknnum með börnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2006). Einnig lagði rannsakerandi áherslu á að skapa börnunum möguleika á að kynnast rannsakernda áður en eiginleg rannsókn hófst. Það tengdist fyrri hlutum rannsóknarinnar og þegar þessi hluti hennar hófst hafði höfundur dvalið svo lengi í leikskólunum að skapast hafði traust sem veitti



börnunum tækifæri til að spyrja spurninga og segja sitt álit. Hugað var sérstaklega að því að börnin vissu af upptökunum og að um þær yrði skrifað og ítrekað að þau réðu sjálf hvort leikur þeirra yrði tekinn upp eða ekki. Ljóst var að börnin lögðu ólíkan skilning í meðferð gagnanna og sýndu takmarkaðan skilning á markmiði höfundar með skrifum um þau.

Höfundur er femínisti sem aðhyllist póstrúktúralisma, sem byggist meðal annars á hugmyndum um margbreytileika og að einstaklingar mótist í menningar-, sögu- og félagslegu samhengi sem þeir taka þátt í að endurskapa. Fram kom hjá stjórnendum leikskólanna að reynsla höfundar af leikskólasterfi skapaði traust og að af siðferðilegum ástæðum hefði reynst erfitt að hleypa óreyndu fólki svo nálægt börnunum. Þessir stjórnendur töldu nauðsynlegt að rannsakerndur með leikskólabörnum hefðu faglegt innsæi sem gerði þeim kleift að túlka frásagnir barnanna í ljósi þekkingar á tjáningarleiðum ungra barna.

## Niðurstöður og umræða

Þessi kafli hefst á stuttu yfirliti yfir heildarniðurstöður rannsóknarinnar. Næst er greint frá mati kennara á þekkingu barnanna til að varpa ljósi á hvernig hún birtist í leikjum þeirra. Þá er fjallað um staðfestingu jafningjahópsins á þekkingu á barnaefni eins og hún kom fram í leikjum þeirra og í kjölfarið fjallað nánar um greiningu og túlkun höfundar á virðingarsessi barnanna eftir því hvernig þau röðuðust í hópa. Að lokum eru niðurstöðurnar dregnar saman og fjallað um ályktanir sem draga má af þeim.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að virðingarsess barnanna hafi að hluta til mótast af þekkingu þeirra á barnaefni og beitingu hennar í leik í samhengi við staðfestingu jafningjahópsins, aðgengi að barnaefni heima fyrir og mat kennaranna á þekkingu þeirra. Það er í samræmi við kenningar Bourdieu (1977, 1984, 1990, 1993a, 1993b, 2001) um að há félagsleg staða þróist í samspili leikreglna á vettvangi, menningarauðs, *habitus* og iðju. Þær eru jafnframt í samræmi við kenningar Skeggs (1997, 2004, 2005) sem benda til að virðingarsess myndist þegar jafningjar telja iðju fólks falla að ríkjandi menningu og viðteknum venjum. Á leikskóladeildunum skapaðist viðurkennd þekking, sem rekja má til samkomulags milli kennara og barna, og birtist í samræminu milli notkunar á barnaefni í leikjum, staðfestingar jafningja og ummæla kennara líkt og Robbins (1998) greinir frá. Eins og Bourdieu (1997, 1984) bendir á, þróast smekkur á menningarefni út frá verðgildi þess á vettvangi líkt og sjá má í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir hvernig virðingarsess barnanna mótaðist í samspili þeirra þátta sem voru sérstaklega skoðaðir í rannsókninni.

## Mat kennara á þekkingu barna

Kennurunum þótti erfitt að leggja tölulegt mat á þekkingu barnanna vegna þess að það stríðir gegn hugmyndum þeirra um námsmat í leikskólum. Eftir práláta beiðni féllust þeir á að meta þekkingu þeirra á kvarðanum 1 til 7 en tóku skýrt fram að matið byggðist á upplifun og að það mætti ekki túlka eins og einkunnir í grunnskóla. Tveir leikskólakennarar af hvorri deild mátu þekkingu barnanna án samráðs hvor við annan. Áhugavert er að sjá í *Töflu 1* og *2* hvernig þeir mátu þekkinguna og hversu mikils samræmis gætir í mati þeirra.

Í *Töflu 1* og *2* sést að munur á heildarmati kennaranna á þekkingu telpna og drengja er 0,5 drengjum í vil. Kynjamismunurinn var greinilegastur í mati þeirra á þekkingu drengja á ofurhetjum og tölum og þekkingu telpna á sígildum ævintýrum og prinsessuævintýrum. Mat kennaranna endurspeglar kynjagslagsiðu og ráðandi hugmyndir um kynin líkt og kom fram í niðurstöðum Skeggs (1997, 2004). Hugsanlega er þetta bæði merki um tilhneigingu kennaranna til að telja að áhugi telpna og drengja sé í eðli sínu ólíkur eins og kom fram í niðurstöðum Millard (1997) um val kennara á lesefni fyrir ung börn og að menningarneyslan sé kynjuð eins og fram kemur í niðurstöðum Þórdísar Þórðardóttur (2013). Mat kennaranna á þekkingu barnanna sést í *Töflu 1* og *2*.

Tafla 1 – Mat kennara A og B á þekkingu drengja sem tóku þátt í tilviksrannsókn											
Nöfn	Þekking á þjóðsögum		Þekking á sígildum bókum		Þekking á ofurhetju-Sögum		Þekking á prinsessu-ævintýrum		Þekking á tölvum		Meðal-einkunn
	A*	B**	A	B	A	B	A	B	A	B	
<b>Kennarar</b>	A*	B**	A	B	A	B	A	B	A	B	A og B
Davíð Örn (5)	7	7	6	7	6	6	5	6	5	5	6,0
Dagur (4)	5	4	6	5	6	6	5	5	4	4	5,0
Hörður (5)	3	3	3	3	7	7	5	4	6	6	4,7
Jökull (5)	5	5	4	3	7	7	3	3	7	6	4,6
Björn (4)	6	5	2	2	6	6	3	4	6	6	4,6
Jehad (5)	2	2	3	4	5	6	3	2	4	5	3,6
Tumi (4)	6	5	1	1	3	4	5	4	3	3	3,5
<b>Allir</b>											<b>4,6</b>

Einkunnir voru gefnar á kvarðanum 1–7. \* Mat deildarstjóra. \*\* Mat hins kennarans. Tölur í sviga sýna aldur barna í árum.

Tafla 2 – Mat kennara A og B á þekkingu telpna sem tóku þátt í tilviksrannsókn											
Nöfn	Þekking á þjóðsögum		Þekking á sígildum bókum		Þekking á ofurhetju-sögum		Þekking á prinsessu-ævintýrum		Þekking á tölvum		Meðal-einkunn
	A*	B**	A	B	A	B	A	B	A	B	
<b>Kennarar</b>	A*	B**	A	B	A	B	A	B	A	B	A og B
Hrefna (5)	6	6	7	6	4	3	6	6	5	5	5,4
Pálína (5)	6	6	6	7	3	3	6	6	5	4	5,2
Hildur (5)	6	6	6	7	5	4	6	6	3	2	5,1
Gerður (5)	6	6	6	6	4	4	6	5	3	4	5,0
Bergdís (5)	4	5	2	2	3	2	7	6	4	4	3,8
Fatú (4)	2	2	3	4	2	1	5	4	2	1	2,6
Rut (4)	1	1	1	1	1	1	4	4	2	1	1,7
<b>Allar</b>											<b>4,1</b>

Einkunnir voru gefnar á kvarðanum 1–7. \* Mat deildarstjóra. \*\* Mat hins kennarans. Tölur í sviga sýna aldur barna í árum.

Áhugavert er að þótt kennararnir teldu Davíð Örn búa yfir mestu almennu þekkingunni (sjá *Töflu 1*) töldu þeir hann ekki búa yfir jafngóðri þekkingu á ofurhetjum og tölvum og þeir Jökull og Hörður sem skipuðu hæsta virðingarsessinn (sjá *Töflu 3*). Einnig er vert að skoða Hildi (sjá *Töflu 2* og *3*) en kennarar töldu hana búa yfir góðri þekkingu á barnaefni en þekkingu hennar á ofurhetjum og tölvum litla. Hún var í hópi þeirra barna sem lægsta sessinn skipuðu.

### Viðbrögð jafningjahóps við tilvísunum í barnaefni í frjálsum leik

Við greiningu á vísunum barnanna í barnaefni kom í ljós að drengirnir fengu 138 sinnum staðfestingu en telpurnar 98 sinnum. Jökull fékk flestar staðfestingar eða 42 og hlaut því hæsta virðingarsess en Rut fékk einungis tvær staðfestingar og lægsta virðingarsess. Í *Töflu 3* sést meðal annars að börnin vísuðu mismunandi oft í barnaefni og að viðbrögð

jafningjahópsins eru að mestu í samræmi við það. Börnin sem skipuðu miðlungs virðingarsess vísuðu sjaldnar í barnaefni í leikjum en börnin sem hæsta sessinn skipuðu. Þau sem lægsta sessinn skipuðu beittu sjaldnast tilvísunum í barnaefni meðan á leik þeirra stóð. Leikir þeirra virtust jafnframt sundurlausari en leikir hinna barnanna. Börn í þessum hópi voru einnig oftari hundsúð en börnin í hinum hópunum og þeim var oftari hafnað en hinum börnunum (sjá *Töflu 3*).

Tafla 3 – Viðbrögð jafningjahóps við skírskotunum barna í barnaefni					
Nöfn	Tilvísun í barnaefni	Staðfesting	Hundsun	Höfnun	Virðingarsess*
Jökull (5)**	44	42	0	2	H <sup>1</sup>
Hörður (5)	35	34	0	1	H <sup>1</sup>
Hrefna (5)	30	27	2	1	H <sup>2</sup>
Pálína (5)	30	28	1	1	H <sup>2</sup>
Davíð Örn (5)	25	22	3	0	M
Dagur (4)	21	13	4	4	M
Gerður (5)	20	18	2	0	M
Björn (4)	24	22	2	0	M
Bergdís (5)	19	16	3	0	M
Hildur (5)	18	4	9	5	L
Jehad (5)	20	3	6	11	L
Fatú (4)	16	3	6	7	L
Tumi (4)	24	2	8	14	L
Rut (4)	17	2	8	7	L

\*H1 = hæsti virðingarsess drengja, H2 = hæsti virðingarsess telpna, M = meðalhár virðingarsess, L = lágur virðingarsess. \*\* Tölur í sviga sýna aldur barna í árum.

Í *Töflu 3* sést hvernig skipta má hópnum í þrennt, eftir því hve oft jafningjahópurinn staðfestir skírskotun barnanna í barnaefni. *Hæsta virðingarsess* hlutu börn með 27 eða fleiri staðfestingar. Í hóp með *meðalháan virðingarsess* röðuðust börn með 22–13 staðfestingar. Í hóp með *lágan virðingarsess* lentu börn með fjórar eða færri staðfestingar. Samhengið milli þekkingar á barnaefni og þess virðingarsess sem börnin hlutu virðist, eins og fram hefur komið, hafa mótast í samspili þekkingar á barnaefni, staðfestingar jafningjahóps, kyns, aldurs, uppruna, menntunar foreldra og mats kennara.

### Hæsti virðingarsessinn

Börnin sem skipuðu hæsta virðingarsessinn eiga meðal annars eftirfarandi atriði sam-eiginleg:

- Eirðu lengur við leikinn en hin börnin
- Höfðu greiðari aðgang að tölum heima fyrir en hin börnin
- Notuðu fleiri tilvísanir í barnaefni í leikjum sínum en hin börnin
- Voru elst barnanna í rannsókninni
- Eiga háskólamenntaða foreldra

Kennararnir töldu þau hafa greiðara og fjölbreyttara aðgengi að barnaefni heima fyrir en hin börnin. Foreldrar þeirra töldu tölvur mikilvægari fyrir þau en foreldrar hinna barn-

anna töldu þær vera fyrir sín börn. Engar skýringar komu fram á þessum mismun milli foreldranna en hugsanlegt er að fjárráð hafi haft áhrif á mat foreldranna á mikilvægi tölva, en kyn barnanna kemur þar einnig við sögu (Þórdís Þórðardóttir, 2013).

### Leikir barna sem skipa hæsta virðingarsessinn

Til að varpa ljósi á hvernig börnin nýta barnaefnið í leik fara hér á eftir dæmi úr leikjum þeirra sem hæsta sessinn skipuðu. Börnin beittu sköpunarkrafti við að ljá þekkingu sinni merkingu í gegnum leikinn. Þetta er í samræmi við niðurstöður Dahlberg og fleiri (1999). Dæmið af leik Jökuls hér fyrir neðan endurspeglar þekkingu hans á *Stjörnustríði* (e. *Star Wars*) og varpar ljósi á hvernig hann byggir upp leikþema út frá þeirri þekkingu sem hann býr yfir.

Jökull fer í listakrök ásamt öðrum börnum og kennara sínum. Þar býr hann til vetrarbraut og segir: „Þetta er Galaxy eins og í *Stjörnustríði*.“ Við verkið notar hann fjöldann allan af litlum lituðum pappírsdoppum sem hann leggur ofan á plastþynnu. Hann velur stærstu doppuna og segir að hún sé Alviðra (stjarna úr *Stjörnustríði*) og aðra jafn stóra sem hann segir vera Helstirnið. Síðan leggur hann aðra plastþynnu ofan á og pappír þar ofan á og straujar yfir til þess að doppurnar festist á milli. Kennari aðstoðar hann við framkvæmdina og á meðan ræða þeir um *Stjörnustríði*. Þegar plastið hefur kólnað veifar Jökull því og hrópar: „Sjáið Galaxíuna mína, sjáið Galaxíuna mína.“ Eftir að hafa fylgst með Jökli taka fjórir drengir og tvær telpur sig til við að búa til Vetrarbraut. Meðan á verkinu stendur raula öll börnin lög úr *Stjörnustríði* á milli þess sem þau skiptast á athugasemdum (myndbandsupptökur í Blönduhlíð, sumarið 2010).

Líkt og leikur Jökuls endurspeglar þekkingu á *Stjörnustríði*, endurspeglar leikur Harðar þekkingu hans á *Súperman* (e. *Superman*) sem er kjarninn í þessu leikþema.

Hörður stendur á gólfinu með geimflugina sem hann byggði og Ólafur segir: „Bófarnir eru að koma.“ Hörður bregst við og segir: „Ég næ þeim, sæktu skikkjuna, ég er Súperman.“ Ólafur hleypur og sækir skikkju. Hörður setur hana á sig og stekkur upp í loft um leið og hann hrópar: „Ég næ þeim og set þá í fangelsi.“ Gunnar (sem er frá Austur-Evrópu og leikur sér sjaldan með öðrum börnum) stendur á lengdar, horfir á þá og segir: „Ég er bófinn.“ Hörður svarar „Ég er Súperman, ég næ þér.“ Tekur Gunnar og fer með hann í fangelsi (sem var afkimi í dúkkukröknum) (myndbandsupptökur í Sagnabæ, sumarið 2010).

Leikir Jökuls og Harðar tengjast *Stjörnustríði* og ofurhetjum og leikþemun byggjast á þekkingu þeirra á þessu efni. Það er áhugavert í dæminu úr leik Harðar að Gunnar býðst til að vera bófinn en það kemur víða fram í gögnunum að börn eins og Gunnar sem eru á jaðrinum félagslega, fá hlutverk bófa og ræningja í leikjum en börnin sem hæsta sessinn skipa fara í hlutverk valdhafanna. Hér má enn og aftur velta fyrir sér hvort lagskipting í leikskóla endurspeglar stéttaslagsíðu utan hans.

Inntakið í leik Hrefnu og Pálínu er nokkuð frábrugðið inntakinu í leik Jökuls og Harðar en leikirnir hafa sömu uppbyggingu og lýsa sams konar færni í að nota barnaefni til að skapa og byggja upp leiki. Líklegt er að kynjað val barnanna á barnaefni sé litað af markaðsvæðingu þess (Skeggs, 2005) en eins og sjá má hér á eftir styðjast Hrefna og Pálína við annað barnaefni en drengirnir.

Hrefna stendur upp frá borðinu og setur teppi á axlirnar og kallar það „músa-skikkju“. Hún sækir sér prik sem hún segir vera töfrasprota og segist vera andi í flösku (tilvísun í *Aladdín og töfralampann*). Svo sækir hún farsíma (gamall í leikfangakassa) og segir: „Ég þarf að hringja og upplýsa glæpamál.“ Bára tekur

upp kubb, ber hann að eyranu (notar kubbinn sem síma) og svarar Hrefnu. Hrefna segir: „Ég þarf hérna að upplýsa um glæpamál. Ég er í leynifélaginu Rauða hausjúpan“ (tilvísun í *Abba babb* eftir Dr. Gunna). Bára svarar: „Já, komdu hingað.“ Hrefna svarar: „Já, ég kem á fundinn með töfrasprotann og galdra.“ Hún stendur upp og labbar til Báru. Þær taka upp myndavél og Hrefna segir: „Tökum myndir af glæpamönnunum. Finnum pönkarana og Dodda draug“ (vísað í *Abba babb*) (myndbandsupptökur í Sagnabæ, sumarið 2010).

Hrefna vísar til fjölbreytts barnaefnis meðan hún byggir upp leikþema. Leikur hennar er líflegur og uppfullur af sambærilegri spennu og sjá má í leikjum Jökuls og Harðar. Pálína leitar á önnur mið og sækir sitt leikþema til ævintýralandsins Narníu en leikur hennar er rólegri en leikur Hrefnu. Eigi að síður skapast flókið mynstur í leiknum þar sem glímt er við flókið viðfangsefni.

Pálína situr við borð og perlar ásamt fjórum öðrum telpum. Hún segir Jónu að perla hund en segist sjálf vera að perla einglyrnið sem sjóræninginn á (vísar til sjóræningja í Karíbahafinu, sem Davíð Örn er að leika). Jóna segir: „Nei, ég perla ekki hund“ og fer. Pálína segist ætla að klára ljónið sitt (Aslan, ljónið í Narníu). Gerður segist líka ætla að perla ljónið. Pálína spyr hana þá hvort hún vilji vera Súsanna eða Lúsý (stelpurnar í Narníu). Gerður spyr á móti: „Hver vilt þú vera?“ Pálína kveðst vilja vera Súsanna og segir: „Það er betra, Lúsý, hún er litlan en hún fór fyrst inn í skápinn.“ Alma snýr sér að henni og segir: „Hey, ég ætla að búa til fáninn, hvernig get ég perlað fáninn, er til mynd til að herma?“ Pálína svarar: „Ég veit ekki um mynd. Hann er svona maður ... með einhverja (hikar) svona fætur ... Ekki svona hestafætur ... Ekki mannafeður ... Hann er með svona dýrafætur.“ Alma svarar: „Sjáðu (sýnir mynd af hundi), ef þú notar hérna afturlappinar á þessum hundi og bóndann (sýnir aðra mynd af bónda) hérna ofan á, geturðu þá búið til fána?“ Pálína horfir á myndirnar hugsí á svipinn en segir svo: „Ef þú hjálpar mér get ég hjálpað þér“ (myndbandsupptökur í Blönduhlíð, sumarið 2010).

Leik Pálínu svipar til leiks Jökuls nema hvað hennar leikur fer fram við borð en leikur Jökuls vítt og breitt um deildina. Eigi að síður sést hvernig Pálína stjórnar leikþemanu með því að vísa til Narníu. Bæði fást við myndsköpun byggða á inntaki barnaefnis en ólíkt Jökli sem á frumkvæðið leitast Pálína við að aðstoða Ölmum við myndgerðina.

Í dæmunum að ofan má sjá að öll leikþemun spunnust í kringum þekkt atriði úr barnaefni en leikir telpnanna byggja á annars konar þekkingu en leikir drengjanna. Það sem kemur á óvart, þegar þessi dæmi eru skoðuð, er að tilvísanir drengjanna hlutu fleiri staðfestingar en vísanir telpnanna en aðferðir þeirra við að byggja upp leikþemu eru þær sömu og margt líkt með inntaki barnaefnisins sem þau nota. Þetta á sér vart aðra skýringu en að drengjaleikir séu yfirskipaðir og leikir telpna undirskipaðir eins og Bourdieu (2001) heldur fram.

Notkun þessara barna á barnaefni kom heim og saman við lýsingar foreldra þeirra á aðgengi þeirra að barnaefni á heimilunum og umsögn kennaranna um þekkingu þeirra og mat á aðgengi heima fyrir. Í svörum foreldranna við spurningum í spurningalista kom í ljós að kynjamismunur var skarpastur í ólíku aðgengi telpna og drengja að tölvum en hann birtist einnig í skemmri upplestrum fyrir drengi en telpur og skemmri tíma sem telpur eyddu í að horfa á barnaefni.

Lýsingar kennaranna á aðgengi barnanna að barnaefni heima fyrir voru í samræmi við lýsingar foreldranna í svörum við opnu spurningunum í spurningalistanum. Meðal annars töldu þeir Jökul og Hörð horfa oft og meira á barnaefni en telpurnar. Hins vegar töldu

þeir oftast og meira lesið fyrir telpurnar og að þær hefðu lakara aðgengi að tölvum en drengirnir.

Við samanburð á leik þessara barna, aðgengi að barnaefni heima fyrir og lýsingum kennara á þekkingu þeirra og mati þeirra á börnunum kemur í ljós hvernig þessir þættir mynda saman ákveðna heild eða samhengi sem tengist virðingarsessi í leikskóla. Efniviður leikjanna og tengingin við barnaefnið er svipuð í hópi barnanna sem hæsta sessinn skipa, í samræmi við niðurstöður Palludan (2005), Skeggs (1997, 2004) og Bourdieus (2001) um sjálfkrafa yfirskipan drengja (og karla) og undirskipan telpna (og kvenna). Það má meðal annars merkja af því að þekking telpna var ekki staðfest af drengjum og þau notuðu ólíkan efnivið sem uppsprettu leikjanna þótt uppbygging þeirra væri sambærileg. Niðurstöðurnar gefa vel til kynna mikilvægi barnaefnis í menntun ungra barna og endurspeglar niðurstöður Hunts (2004) um að barnaefni sé uppspretta samræðna og leiks. Val foreldranna á barnaefni var kynjað, líkt og kemur fram í niðurstöðum Millard (2007) og hugsanlega lítað af markaðsvæðingu, eins og kemur fram hjá Skeggs (2004).

Í leikskólunum virtist þekking á ofurhetjum mikilvægari en þekking á öðru barnaefni. Það má túlka sem svo að veganestið sem drengir fá að heiman veiti fyrirhafnarlaust forskot í virðingarstiga leikskólans líkt og kemur fram í niðurstöðum Palludan (2005). Í þessari samvirkni heimila og skóla, myndast ójafnræði kynja og stétta sem Reay (2004a), Ellegaard (2004) og Bourdieu (1984) telja að rekja megi til þess hversu vel eða illa viðmið skóla og heimila falla hvert að öðru.

#### **Lýsingar kennara á börnunum sem skipuðu hæsta virðingarsessinn**

Kennarar röktu virðingu Jökuls, Harðar, Pálínu og Hrefnu að mestu til þess hvernig þau notuðu þekkingu á barnaefni til að þróa leiki, eins og marka má af eftirfarandi lýsingum kennaranna. „Jökull nýtur mestu virðingarinnar á deildinni og notar þekkingu sína á ofurhetjum óspart í samskiptum við hin börnin.“ Kennari Harðar sagði: „Hörður er vinsælasta barnið á deildinni. Hann á auðvelt með að fá önnur börn á sitt band og beitir til þess þekkingu sinni á ofurhetjum og efni sem er bannað ungum börnum.“ Kennarar Jökuls og Harðar töldu þá ekki hafa mikla þekkingu á öðru barnaefni en ofurhetjum og að þekking þeirra væri sótt í sjónvarp, mynddiska, kvikmyndir, tölvur og bækur sem þeir höfðu aðgang að heima fyrir.

Kennari Pálínu sagði: „Pálína býr yfir mikilli þekkingu á barnaefni. Hún er sterkur karakter en viðkvæm, þolir ekki ofbeldi og hefur engan áhuga á ofurhetjum. Það er líklega þess vegna sem hún nær ekki sömu virðingu á deildinni og Jökull.“

Um Hrefnu segir kennari. „Hrefna er vinsælasta stelpa á deildinni. Hún er mjög flínk og veit ótrúlega margt. Hún hefur ótrúlegt minni, er fljúgandi læs og les mikið. Hún er tillitsöm, hæg og róleg og lítið út á við. Hún er í ballett tvisvar í viku með vinkonum sínum.“

Dæmin hér að ofan eru í samræmi við niðurstöður Palludan (2005) um að kennarar lýsi börnum í samræmi við virðingarsess þeirra. Að mati kennaranna eru millistéttardrengirnir best þokkaðir og þeir nota þekkingu sína á barnaefni þannig að þeir öðlast virðingu eða táknrænt vald í barnahópnum. Þótt telpurnar séu getumiklar eru þær samt viðkvæmar og þola ekki ofbeldi eða hæg og róleg og lítið út á við. Lýsingar kennaranna fela í sér einkenni sem draga úr möguleikum til að umbreyta þekkingu á barnaefni í menningarauð og öðlast það táknræna vald sem honum fylgir samkvæmt hugmyndum Bourdieu (1984). Þótt þekking telpnanna sé staðfest af jafningjahópi fær hún ekki sama hljómgrunn og þekking drengjanna, sem gefur til kynna að þekking þeirra sé undirskipuð en þekking drengjanna yfirskipuð eins og Bourdieu (2001) greinir frá. Kennararnir gerðu ekki athugasemdir við að drengirnir nyttu meiri virðingar en telpurnar, sem má túlka sem merki um að það sé viðtekin venja að drengir séu skör ofar en telpur í virðingarstiga leikskólanna.



Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að með ofangreindum hætti sé kynjakerfið endurskapað og því við haldið innan veggja leikskólanna.

### Meðalhár virðingarsess

Þau Davíð Örn (5), Gerður (5), Dagur (4), Björn (4) og Bergdís (5) skipuðu meðalháan virðingarsess og teljast því miðlæg í barnahópnum. Þeirra virðingarsess einkenndist meðal annars af því að börnin brugðust skjótt við leik sem var hafinn og auðguðu hann með nýjum tilvísunum í barnaefni. Foreldrar þeirra hafa framhaldsskólamenntun, að einu barni undanskildu sem á ófaglærða foreldra. Í þessum flokki skar Davíð Örn sig úr en hann fékk hæstu einkunn allra barnanna fyrir þekkingu á barnaefni, eins og sjá má í *Töflu 1*, þar sem einnig sést að hann skorar lægra en Jökull og Hörður í þekkingu á ofurhetjum og tölvum, sem virðist hafa dregið úr virðingu hans á deildinni. Í þessu samhengi er áhuga-vert að kennarar mátu þekkingu Björns (sjá *Töflu 1*) á tölvum og ofurhetjum svipaða og þekkingu Jökuls og Harðar. Hugsanlega nýtur hann minni virðingar vegna þess að hann er yngri en þeir og foreldrar hans eru með framhaldsskólamenntun en ekki háskóla-menntun. Björn nýtur eigi að síður sérstakrar virðingar fyrir þekkingu sína á *Turtles* eins og kom fram á myndböndum og í lýsingum kennara.

Það sem helst greinir þessi börn frá þeim, sem hæsta virðingarsessinn skipuðu, fyrir utan menntun foreldra þeirra, er eftirfarandi:

- Þau fengu færri staðfestingar frá jafningjahópi og vísuðu sjaldnar í barnaefni
- Tvö börn voru fjögurra ára en þrjú rétt orðin fimm ára
- Jafningjahópurinn leitaði meira til þeirra eftir upplýsingum um barnaefni en barna sem hæsta virðingarsessinn skipuðu en þau voru ekki látin skera úr um hvað væri rétt og rangt, eins og börnin með hæsta virðingarsessinn gerðu
- Þau vísuðu í fleiri titla og skiptu örar um leikþemu (eða leikefni)
- Þau fylgdu eftir þeim börnum sem hæsta sessinn skipuðu.

Börnin sem skipuðu meðalháan virðingarsess fylgdu eftir börnunum sem skipuðu hæsta virðingarsessinn og lögðu nýjar víddir og spennu inn í leikina með því að bæta við fjölbreyttum vísunum í barnaefni. Á myndböndum úr Blönduhlíð sést að Davíð Örn var alltaf nálægt Jökli og Dagur fylgdi þeim báðum eftir. Gerður hélt sig nærri Pálínu en fylgdi einnig Jökli eftir. Vináttutengslin voru lík innan leikskólanna og Björn virtist helsti vinur Harðar í Sagnabæ en Davíð Örn helsti vinur Jökuls í Blönduhlíð. Mest var leitað eftir upplýsingum til Davíðs Arnar í Blönduhlíð og Harðar í Sagnabæ. Sum börnin vísuðu til þeirra sem helstu sérfræðinga sinna í barnaefni. Bergdís í Sagnabæ fylgd Hrefnu eftir líkt og Gerður í Blönduhlíð fylgdi Pálínu og Jökli. Þessi börn virtust leitast við að fylgja þeim sem mestrar virðingar nutu og nýttu þekkingu sína á barnaefni til að fá hlutdeild í leik þeirra.

### Lýsingar kennara á börnunum sem skipuðu meðalháan virðingarsess

Lýsingar kennaranna á börnum sem skipuðu meðalháa virðingarsessinn voru í samræmi við þá virðingu sem honum fylgdi. Kennari Davíðs Arnar segir: „Davíð Örn er málamiðlari. Hann er límið í strákahópnum og hefur gríðarlegan áhuga á lestri og bókum.“ Degi var lýst þannig: „Dagur er fljótur að tileinka sér það sem hinir strákar eru að gera og fær alltaf að fljóta með.“ Lýsing á Gerði var eftirfarandi: „Gerður skarar hvergi fram úr en er oft hugmynda-rik, einkum þegar hún leikur við Pálínu.“ Um Björn sagði kennari: „Björn er góður í kubbaleik en á yfirleitt ekki frumkvæðið en hann er ótvíræður *Turtles*-sérfræðingur.“ Um Bergdís var sagt: „Bergdís er dálítið fyrir að vera fín, hún er dálítið óörugg og nær ekki alltaf athygli hinna barnanna.“ Þessar lýsingar á börnunum sem skipuðu meðalháa virðingarsessinn gefa til kynna að kennararnir telji þau hafa aðra eiginleika en börnin sem hæsta sessinn skipa. Það er í samræmi við niðurstöður Palludan (2005) um að leikskóla-börnum séu gefnir ólíkir eiginleikar í samræmi við virðingarsessinn sem þau skipa.

Lýsingar kennaranna á börnunum sem skipa meðalháa virðingarsessinn eru sem fyrr kynjaðar en jafnframt hóflegri en lýsingarnar sem einkenna börnin sem hæsta sessinn skipa. Það er ekki það sama að njóta mestu virðingar eða vera vinsælastur og að vera málamiðlari eða fljótur að tileinka sér og fá alltaf að vera með.

Þegar hæsti og meðalhái virðingarsessinn eru bornir saman sést að börnin sem þá skipa búa yfir þekkingu sem nýtur virðingar og færir þeim virðingarsess í samræmi við niðurstöður Skeggs (1997) um hvernig lagskipting og kynjagslagsíða stjórnast af ráðandi hugmyndum og gildismati. Hvorki kennarar né foreldrar settu spurningamerki við kynjað barnaefni og virtust taka því sem gefnu að ofurhetjur og tölvur væru drengjaefni og verðmætara en sígilt barnaefni og prinsessuævintýri sem þótti henta telpum betur. Ekkert í gögnunum benti til að foreldrar eða kennarar teldu að kyn gæti valdið mismunum í samskiptum barnanna í leikskólunum.

### Lægsti sessinn

Börnin sem lægsta sessinn skipuðu, Hildur (5), Jihad (5), Fatú (4), Tumi (4) og Rut (4), eiga öll ófaglærða foreldra og tvö eru af erlendum uppruna. Þau léku sér oftast ein, fylgdust hljóðlát með hinum börnunum og gerðu stundum tilraunir til að komast inn í leik með skírskotunum í barnaefni en fengu ekki hljómgrunn í jafningjahópnum. Þessi börn voru oftast hundsuð og þeim hafnað en hinum börnunum.

Þessi börn virtust oftast sækja til barna sem voru nýbyrjuð á deildinni og höfðu ekki fótað sig í hópnum. Að mati kennara bjuggu fjögur þeirra yfir lítilli þekkingu á barnaefni en Hildur skar sig úr og var talin hafa góða þekkingu þótt það dygði henni ekki til að afla sér virðingar í jafningjahópnum. Hún leitaði eftir virðingu annarra telpna með því að horfa á þær og fylgjast með þeim en hafði ekki árangur sem erfiði.

Greina mátti að Hildur byggði yfir góðri þekkingu á barnaefni sem ekki var staðfest af jafningjahópnum. Hún lék sér ein í tölvuleik og hélt á bókinni *Ronju ræningjadóttur* meðan hún hlustaði á hljóðdisk með upptöku af leikritinu. Hún notaði *Ronju ræningjadóttur* til að byggja upp eigin leiki. Hún lék við yngstu börnin á deildinni og vísaði þá í einfaldara barnaefni eins og *Bláu könnuna* og *Bangsa litla* og byggði upp leikþemu í kringum það. Í svörum móður Hildar við spurningalista kom fram að Hildur hafði takmarkað aðgengi að mynddiskum, sjónvarpi og tölvum. Móðir hennar taldi sjónvarp ofbeldisfullt og ekki gott fyrir Hildi og taldi hana of unga til að leika sér í tölvu.

Jihad er frá Miðausturlöndum og vísaði í barnaefni með hávaða og stundum ofbeldisfullu látbragði. Til dæmis hljóp hann um og öskraði: „Batman kemur“ en tengdi aðgerðirnar ekki við leik. Hann endurtók sífellt að Batman kæmi, sprengdi og dræpi en það hlaut ekki staðfestingu jafningjahópsins. Í svörum móður hans við spurningalista kemur fram að lítið er lesið fyrir hann heima en að hann hafi gaman af teiknimyndum og að leika sér í tölvum en líkt og móðir Hildar telur móðir Jehads hann of ungan fyrir tölvur og vill halda tölvunotkun hans í skefjum.

Fatú er af afrískum uppruna og framburður hennar á íslensku var óskýr. Hún vísaði einungis í *Karíus og Baktus* í leikjum sínum. Hún lék sér með brúðu og burstaði í henni tennurnar um leið og hún söng lög úr *Karíusi og Baktusi* og lék sér mest ein nema þegar Hildur kom (tvisvar sinnum) og blandaði sér í leik hennar. Staðfestingarnar þrjár sem Fatú fékk komu frá Hildi. Móðir Fatú tók sérstaklega fram að hún telji sjónvarp ekki mikilvægt en það væri oft eini afþreyingarkosturinn. Að sögn móðurinnar hafði Fatú takmarkaðan aðgang að tölvum heima fyrir.

Á myndböndunum sést að leikir Tuma voru háværir og óskipulagðir. Hann hrópaði vísanir í ofurhetjur og *Sjóræningjana í Karíbahafi* (e. *Pirates of the Caribbean*) en eins og Jihad

tengdi hann þær illa við leikþemun. Að sögn móður var aðgangur Tuma að tölvum fremur lítil og helsta afþreying heima fyrir var sjónvarp.

Rut lék sér að mestu í heimiliskrók þar sem hún klæddi sig í fallega kjóla, setti á sig kórónu og talaði við sjálfa sig. Hún vísaði þrisvar í *Mjallhvíti* meðan hún lék sér. Rut hafði líkt og hin börnin sem lögsta sessinn skipuðu lítinn aðgang að tölvu heima hjá sér en horfði nokkuð á mynddíska með prinsessuævintýrum að sögn móður.

Börnin sem lögsta sessinn skipuðu fengu ekki einungis færstar staðfestingar heldur voru vísanir þeirra fremur hundsáðar og þeim hafnað en hjá börnunum sem hærri sess skipuðu. Fáar vísanir í barnaefni skýra ekki nægilega vel útlökun í barnahópi og því er mikilvægt að rannsaka fleiri þætti en þekkingu á barnaefni þegar meta skal virðingarsess barna í leikskóla. Hugsanlega spiluðu staðalmyndir um stéttir og uppruna þessara barna inn í stöðu þeirra og drógu úr möguleikum þeirra til að öðlast háa félagslega stöðu í leikskólunum (Reay, 2010). Því gætu lýsingar kennaranna á börnunum hafa ráðist fremur af viðteknum hugmyndum um stéttir og uppruna en raunverulegri þekkingu barnanna líkt og Reay (2010) fjallar um og birtist í niðurstöðum Ellegaards (2004) sem skortur á færni kennara til að takast á við aðra þekkingu en þá sem er talin einkenna millistéttarbörn.

### Lýsingar kennaranna á börnunum sem skipa lögsta virðingarsessinn

Þegar leikskólakennararnir lýstu börnunum sem lögsta virðingarsessinn skipuðu höfðu þeir meðal annars eftirfarandi að segja: „Jehad er vel tvítyngdur. Hann er skapmikill og leitar í einfalda leiki. Hann kemst ekki inn í vinsæla hópinn, missir sig stundum í vitleysu en er samt klár strákur.“ „Fatú er ekki hátt skrifuð í metorðastiganum hér á deildinni, hún er kannski ekki lögst en það er greinileg lagskipting í félagahópnum.“ „Tumi er stjórnlaus, hann passar mjög illa inn í hópinn á deildinni og satt best að segja er hann alls ekki vinsæll.“ „Rut er þessi þögla týpa en hún getur sagt góðar sögur. Hún sækir aðallega í dúkkuleiki og á enga vini á deildinni. Hún er mjög sérstök stelpa og það þarf að halda vel utan um hana.“ Ráða má af lýsingum kennaranna á börnunum sem njóta minnstu virðingarinnar að þau standi höllum fæti í leikskólasamfélaginu.

Kennarinn reyndi að tala Jehad upp („samt klár strákur“) en Tumi passar ekki inn í hópinn. Fatú er ekki hátt skrifuð og Rut er þögla týpan. Hildur nýtir sér þá þekkingu sem hún fær í leikskólanum en hún dugir henni ekki til að fá staðfestingu jafningjahópsins, enda nota börnin fremur dægurefni sem þau kynnast heima hjá sér en efnið sem kynnt er fyrir þeim í leikskólanum. Hér tvinnast saman kynjun, staðalmyndir og lýsingar sem marka þá sem höllum fæti standa í samræmi við niðurstöður Ellegaards (2004; Palludan, 2005; Reay, 2004a, 2004b, 2010).

### Samantekt

Af niðurstöðunum má ráða að þekking á tilteknu barnaefni sé á meðal þess sem þarf til að öðlast virðingarsess í leikskóla. En viðurkenning jafningjahópsins á þar einnig hlut að máli ásamt lýsingum kennaranna á börnunum, aðgengi að barnaefni heima fyrir, kyni og aldri. Lagskipting og kynjagslaga sem Skeggs (1997, 2006) telur aðallega stjórna af ráðandi hugmyndum um ábyrgð og gildismat birtist í leikjum drengja sem tilfinning fyrir heiðri og skyldum líkt og Bourdieu (1984, 2001) fjallar um. Þekking á ofurhetjum, *Stjórnu-stríði* og tölvum var líklegust til að skila börnum hæsta virðingarsessi og þar nutu drengir forskots sem hugsanlega má rekja til yfirskipunar hins karllæga (Bourdieu, 2001) og kynjaðrar markaðssetningar á barnaefni í samræmi við umfjöllun Skeggs (2004) um áhrif nútíma markaðsvæðingar á smekk fólks. Þekking telpna reyndist ekki jafn öflugur gjaldmiðill og þekking drengjanna. Þótt þær notuðu sömu aðferðir og þeir við að byggja upp leikþemu og byggju yfir jafngóðri þekkingu á hliðstæðum sögupersónum og drengirnir lutu

þær í lægra haldi þegar kom að staðfestingu jafningjahópsins án þess að tekið væri sérstaklega eftir því.

Börnin notuðu fremur barnaefni sem þau kynntust heima fyrir í leikjum sínum en það sem boðið var upp á í leikskólunum að Hildi undanskilinni. Möguleikarnir til að að vinna með veganestið að heiman í leikskólunum virtust því leiða til mismununar í leikskólunum líkri þeirri sem kom fram í niðurstöðum Palludan (2005). Niðurstöðurnar endurspeglu einnig kenningar Bourdieus (1993b) um að ung börn tileinki sér smekk fjölskyldna sinna og prói með sér þekkingu í samræmi við lífsstíl heima fyrir en það má merkja af samræminu milli þekkingar barnanna og lýsinga foreldra á smekk heimilanna á barnaefni ásamt lýsingum kennaranna á börnunum og þekkingu þeirra.

Börnin sem nutu minnstu virðingar virtust búa við mun skertara aðgengi að barnaefni og hafa síðri aðgang að tölum en þau börn sem skipuðu hærrí sess. Þetta er í samræmi við kenningar Bourdieus (1984) um að veganesti að heiman eigi stóran þátt í hvernig tekst til á vettvangi skóla og niðurstöður Ellegaard (2004) um að leikskólum gangi ver að efla frammistöðu barna sem koma frá heimilum sem hafa aðra uppeldissýn en leikskólinn. Skeggs (1997, 2006) segir virðingarsess alltaf mótast í flóknu samspili athafna og siðferðislegra og félagslegra tákna sem jafningjahópurinn telur góð og gild. Í þessu samhengi er mikilvægt að huga að Hildi, sem virtist búa yfir þekkingu sem hefði átt að duga henni til að öðlast virðingarsess en gerði það ekki. Engin svör komu fram um hvers vegna þekking hennar var hundsúð en staða foreldra hennar og staðalmyndir um þá gætu hafa verið til staðar hjá kennurunum og smitað út í barnahópinn. Staða Hildar er tæplega einsdæmi og því mikilvægt að gefa henni gaum og rannsaka hvaða félagslegu tákni má finna í samskiptum leikskóla sem útilokar sum börn en ýtir undir önnur.

Þrátt fyrir ólíka nálgun og aðferðir þessarar rannsóknar og rannsóknar Palludan (2005) svipar niðurstöðunum saman. Virðingarsess leikskólakennaranna réðst af þekkingu þeirra á barnaefni, kyni og uppruna, menntun foreldra og mati eða viðhorfum kennara. Ekkert þeirra barna sem tóku þátt í rannsókninni var áhugalaust um virðingarsess líkt og kom fram hjá Palludan (2005). Hugsanlega stafar það af því hvernig börnin voru valin til þátttöku í þessa tilviksrannsókn.

## Lokaorð

Segja má að börnin sem í rannsókninni greindust með hæsta virðingarsessinn hafi haft mörg háspil á hendi. Börnin sem hlutu meðalháan sess höfðu lakari spil og börnin sem lægsta sessinn skipuðu höfðu eintóma hunda á hendi. Það er mikilvægt að velja því fyrir sér hvernig skólakerfið muni vinna með lægst settu börnin í framtíðinni. Drengur sem er „samt klár“ og drengur sem passar ekki inn, telpu sem er ekki hátt skrifuð og aðra sem er þögla týpan.

Þörf er á frekari rannsóknum sem tengjast félags- og menningarlegri mismunun í leikskólum. Til dæmis er mikilvægt að rannsaka hvernig kennarar bregðast við margbreytilegum barnahópi og hvaða aðferðum þeir beita til að stuðla að jafnrétti og draga úr mismunun í leikskólum.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að full þörf sé á aukinni áherslu á jöfnuð og jafnrétti í leikskólum. Túlka má merkin um mismunun sem úrræðaskort líkt og Ellegaard (2004) gerir, einkum vegna þess að allir leikskólakennararnir töldu sig leggja áherslu á jafnrétti á sínum deildum en virðast ekki hafa haft á að skipa þekkingu sem gerði þeim kleift að greina og bregðast við menningarlegri mismunun sem þrífst innan veggja leikskólanna í skjóli ríkjandi menningar og viðtekinna venja. Niðurstöðurnar eru skilaboð til allra sem láta sig leikskólann varða um mikilvægi þess að færa leikskólakennaranemum og leikskóla-

kennurum í hendur tæki og tól, sem gera þeim kleift að sjá út fyrir hefðbundna ramma, ígrunda réttmæti viðtekinna venja og finna leiðir til að auka jafnrétti í leikskólum. Til dæmis gætu athuganir og skráningar á leik barna, líkar þeim sem gerðar voru í þessari rannsókn, gagnast leikskólakennurum til að þróa nýjar leiðir til efla jafnrétti.

Jafnframt eru vonir bundnar við að rannsóknin sem hér er fjallað um geti hvatt til frekari rannsókna á menningarbundnum þáttum sem leiða til mismununar í leikskólum (og á eldri skólastigum) og nýst leikskólakennurum til að öðlast dýpri skilning á því hvernig menningar- og félagsleg mismunun myndast í leikskólum þrátt fyrir áherslur kennara á jafnrétti.

## Heimildir

Berglind Rós Magnúsdóttir (2005/2012). „Ég veit alveg fullt af hlutum en ...“: Hin kynjaða greindarorðræða og birtingarmyndir hennar meðal unglunga í bekkjardeild. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólastarfi* (2. útgáfa) (bls. 171–196). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Bourdieu, P. (1977). *Outline of a theory of practice*. Cambridge: Harvard University Press.

Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critic of the judgement of taste*: Cambridge: Harvard University Press.

Bourdieu, P. (1990). *The logic of practice*. Stanford: Stanford University Press.

Bourdieu, P. (1993a). *The field of cultural production*. Cambridge: Polity Press.

Bourdieu, P. (1993b). *Sociology in question*. London: Sage.

Bourdieu, P. (2001). *Masculin domination*. Stanford: Stanford University Press.

Cairny, T. H. (2002). New direction in family literacy: Building effective partnership between home and school. Í S. N. Saracho og B. Spodek (ritstjórar), *Contemporary perspectives in literacy in early childhood education* (bls. 99–126). Greenwich: Information Age Publishing.

Cunliffe, A. L. (2008). Orientation to social constructionism: Relationally responsive social constructionism and its implications for knowledge and learning. *Management Learning*, 39(2), 123-139.

Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (1999). *Beyond quality in early childhood education and care: Postmodern perspective*. London: Falmer Press.

Ellegaard, T. (2004). *Et godt børnehavn? Daginstitutioners kompetencekrav og hvordan børn med forskellig social baggrund håndterer dem*. [Óbirt doktorsritgerð]. Hróarskelda: Roskilde Universitet.

Forman-Brunell, M. og Eaton, J. (2009). The graceful and gritty princess managing notions of girlhood from the new nation to the new millennium. *American Journal of Play*, 3(1), 338–364. Sótt af <http://www.journalofplay.org/sites/www.journalofplay.org/files/pdf-articles/1-3-article-graceful-gritty-princess.pdf>

Gee, J. P. (1996). *Social linguistic and literacy: Ideology and discourses*. London: Taylor and Francis.

Gilles, V. (2006). Working class mothers and school life: Exploring the the role of emotional capital. *Gender and Education*, 18(3), 281–293.



- Gilligan, C. (1993). *In a different voice: Psychological theory and women's development*. Cambridge: Harvard University Press.
- Guðrún Bjarnadóttir. (2004). *Jeg er løve som også kunne vere lege*. [Óbirt M.Ed.-ritgerð]. Osló: Høgskolan i Osló.
- Gulløv, E. (1999). *Betydningsdannelse blandt børn*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Hagood, M. C. (2008). Intersections of popular culture, identities and new literacies research. Í J. Coiro, M. Knobel, C. Lankshear og D. J. Leu (ritstjórar), *Handbook of research on new literacies*. New York: Lawrence Erlbaum Associates, Taylor and Francis Group.
- Hatch, J. A. (2007). Assessing the quality of early childhood qualitative research. Í J. A. Hatch (ritstjóri), *Early childhood qualitative research* (bls. 223–244). London: Routledge.
- Hunt, P. (2004). Children's literature and Childhood. Í M. J. Kehily (ritstjóri), *An introduction to Childhood studies* (bls. 39-56). New York: Open University Press.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005). We can decide what to play! Children's perception of quality in an Icelandic Playschool. *Education and Development*, 16(4), 469–488.
- Jóhanna Einarsdóttir (2006). Rannsóknir með börnum: Aðferðir – áskoranir – álitamál. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 765–777). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Marsh, J. og Millard, E. (2000). *Literacy and popular culture. Using children's culture in the classroom*. London: Paul Chapman.
- Marsh, J., Brooks, G., Hughes, J., Ritchie, L., Roberts, S. og Wright, K. (2005). *Digital beginnings: Young children's use of popular culture, media and new technologies. Report of the 'Young Children's Use of Popular Culture, Media and New Technologies'*. University of Sheffield. Sótt af <http://www.dcmp.org/caai/nadh177.pdf>
- Millard, E. (1997). *Differently literate, boys, girls and the schooling of literacy*. London: Falmer Press.
- Palludan, C. (2005). *Børnehaven gør en forskel*. Árósar: Århus Universitetsforlag.
- Reay, D. (2004a). Gendering Bourdieu's concepts of capital? Emotional capital, women and social class. *The Sociological Review*, 52(2), 57–74.
- Reay, D. (2004b). 'Unruly places': Inner-city comprehensives, middle class imaginaries and working class children. *Urban Studies*, 44(7), 1191–1201.
- Ray, D. (2010). Sociology, class and education. Í M. W. Apple, S. J. Ball og L. A. Gandin (ritstjórar), *The Routledge handbook of the sociology of education* (bls. 396–404). London: Routledge.
- Robbins, D. (1998). Theory practice and pedagogic research. Í M. Grenfell og D. James (ritstjórar), *Bourdieu and education* (bls. 6–26). London: Falmer Press.
- Skeggs, B. (1997). *Formations of class and gender – becoming respectable*. London: Sage.
- Skeggs, B. (2004). *Class, self and culture*. London: Routledge.



Skeggs, B. (2005). The making of class and gender through visualizing moral subject formation. *Sociology* 39(5), 965–982.

Skeggs, B. (2006). Respectability – becoming a proper person. *Inaugural lecture*: Goldsmith, University of London.

Urban, M. (2012). Researching early childhood policy and practice. A critical ecology. *European Journal of Education*, 47(4), 494–507.

Þórdís Þórðardóttir. (2007a). „...góðu karlarnir eru klárari, þeir vinna alltaf“. Samræður leikskólabarna um barnaefni. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Félagsvísindi VIII* (bls. 759–770). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þórdís Þórðardóttir. (2007b). Menningarläsi íslenskra leikskólabarna. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús H. Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennung á Íslandi* (bls. 273–300). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í fjölmenningu, Kennaraháskóla Íslands.

Þórdís Þórðardóttir. (2012a). Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>

Þórdís Þórðardóttir. (2012b). „Flugfreyjur koma með matinn en stýra ekki sjálfar“: Kvenleiki, karlmennska og störf í samræðum ungra barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 137–162). Reykjavík: RannUng, Háskólaútgáfan.

Þórdís Þórðardóttir. (2012c). *Menningarläsi: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*. [Óbirt doktorsritgerð]. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Þórdís Þórðardóttir (2013). Barnaefni og fjölskylduhabitusar: Aðgengi 4–5 ára leikskólabarna að barnabókum og stafrænum miðlum á heimilum sínum. *Tímarit um menntarannsóknir*, TUM, 10, 162–183.

Þórdís Þórðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2008). Hún var sveitastelpa sem var í gamla daga. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólalastarfi* (bls. 75–95). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.

### Um höfund

Þórdís Þórðardóttir (thordisa@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands 2012, M.Ed.-prófi með áherslu á samanburðaruppeldisfræði frá Kennaraháskóla Íslands árið 2000, prófi til kennsluréttinda frá Háskóla Íslands árið 1995 og B.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá sama skóla 1993, Diploma í stjórnun og skipulagningu menntastofnana frá Social Pædagogiske Højskole í Kaupmannahöfn 1990 og leikskólakennaraprófi frá Fósturskóla Íslands 1974. Rannsóknir hennar beinast einkum að menntun, kyngervi og menningu ásamt þekkingar- og merkingarsköpun barna.

### Efnisorð

*virðingarsess – barnaefni – jafningjahópur – kynjun – félagsleg staða – leikskóli*

### About the author

Thordis Thordardottir (thordisa@hi.is) is an assistant professor at the University of Iceland, School of Education. She finished her Ph.D. in education studies from the University of Iceland in 2012, and M.Ed. degree in Comparative education from the Iceland University of Education in 2000, a teacher licence program from the University of Iceland in 1995 and B.A. in education studies, from the same university in 1993. She finished a Diploma in educational administration and leadership, from the Social Pædagogiske Højskole in Copenhagen in 1990 and graduated from the Iceland Preschool Teacher Training College in 1974. Her main research focuses on gender education and culture together with knowledge construction and meaning making in early childhood education.

### Key words

*respectability – children's literature and popular culture – peer group – gendering – social status – preschool*



Þórdís Þórðardóttir. (2015).

Virðingarsess leikskólabarna: Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum.

*Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/001.pdf>